

EFTIRLITSSKÝRSLA

Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði Fáskrúðsfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	3.7.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði	Eftirlitsmaður	Hákon Hansson
Heimili	Hafnargötu 1, Fáskrúðsfirði	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	5812012650	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Ásgrímsson	ÍSAT nr.	15.20.72
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	735718,92 501484,078

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Heilbrigðisfulltrúi HAUST fór í fyrirvaralaust eftirlit vegna mengunaróhapps, þar sem að lýsi lak út í sjó og barst þaðan í nærliggjandi fjörur.

UMFANG EFTIRLITS

Um kl. 10,30 þennan laugardag hringdi verksmiðjustjóri fiskimjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar (LVF) á Fáskrúðsfirði, Magnús Ásgeirson, í heilbrigðiseftirlitið til að tilkynna að fyrir mistök hefði volgt lýsi, sem verið var að dæla úr tönkum verksmiðjunnar í skip til útflutnings lent í sjóinn.

Ástæða óhappsins:

- Um morguninn unnu þrír starfsmenn LVF við að dæla lýsi úr tönkum fyrirtækisins um borð í flutningaskip. Fyrir dælingu er búið að hita lýsið upp í 30°C. Þegar dæling hófst láðist starfsmönnum að ganga úr skugga um að hálfthomu frosttæmingarkrani, sem er á lögninni væri lokaður. Eftir að dælt hafði verið í ca. hálf tíma kom í ljós að þessi umræddi krani var opin til hálf og þaðan streymdi lýsi í sjóinn.

- Magnús verksmiðjustjóri var ekki heima, en þegar ég kom á staðinn um kl. 11,15 hitti ég Þorgeir Einar Sigurðsson (ÞES), vaktstjóra í bræðslunni, sem kallaður hafði verið til, hann var þó ekki á vakt þegar dæling hófst. Hann staðfesti ofanskráð.

Í fjörunni frá þeim stað sem lýsið barst í sjóinn og inn að austurkanti frystihúsbyggju var lýsi í fjörunni.

Farið var meðfram sjónum að frystihúsbyggju og alla leiðina er lýsi í sjónum við fjöru eins og sést á mynd. Margar myndir voru sendar til Ust og eru þær tiltækar þar.

Erfitt var að fá áætlað magn sem fór í sjóinn, en ÞES giskaði á tvö tonn, en það gæti verið eitthvað meira eða minna.

Náðst hafði samband við starfsmenn Fjarðabyggðarhafna, þó ekki forstjórann, sem var í frí. Starfsmenn komu á staðinn með flotgirðingar, en mat þeirra og sömu leiðis starfsmanna LVF, eða flotgirðing mundi ekki koma að gagni af því að lýsið hafði dreift meðfram fjöru á mörg hundruð metra svæði. ÞES var sammála því mati.

Ekki sást neinn flekkur úti á sjónum hægt er að skoða svæðið sem sést frá höfninni á þeim myndum sem teknar voru við eftirlitið. Þar sést engin lýsisbrák á sjónum. Síðar kom í ljós að lýsi hefur borist með straumum inn í fjörðinn sunnanverðan og á leirur sem þar eru. Um það er vísað í eftirlitsskýrslu frá 2. 7.

Eftirlitsmaður mat stöðuna svo að þetta mengunarslys væri innan hafnar og því væru það Fjarðabyggðarhafnir sem hefðu aðkomu að því að bregðast við ásamt fyrirtækinu.

Verksmiðjustjóri tilkynnti undirrituðum að þegar hefði verið haft samband við lögreglu.

Skv. leiðbeiningum UST á að tilkynna bráðmengun til Lögreglu í síma 112.

Þar sem verksmiðjustjóri hafði tilkynnt málið til lögreglu gekk undirritaður út frá því að málið væri í réttum farvegi.

Síðar kom í ljós að tilkynning til lögreglu var með þeim hætti að hringt var í farsíma lögregluþjóns á staðnum.

Mikilvægur lærdómur af svona slysi er að skilyrðislaust ber að fara eftir formlegum leiðum þegar mengunarslys eru tilkynnt, ekki hringt í farsíma lögreglumanns eða starfsmanns Fjarðabyggðarhafna eins og gert var í þessu tilviki, heldur formlegar leiðir farnar í samræmi við gildandi reglur.

Heilbrigðisfulltrúi fylgdist með notkun á INOVYN Sodium hydroxide eitursóða sem dreift var á fitu í sjónum. Lögð var áhersla á að ekki mætti nota sódann á landi. Samtímis var úðað yfir fituna með olíuhreinsiefni, sem búið var að setja á úðabrúsa.

Þegar eftirlitsmaður fór af svæðinu var von á starfsmönnum Fjarðabyggðarhafna innan stundar og þeir höfðu

meðferðis flotgirðingu.

Skýrsla þessi er fullkláruð 3. júlí, miðað við að hafa fengið heildaryfirsýn yfir mengun sem barst í sjó og fjörur er það mat undirritaðs að meira en tvö tonn af lýsi hafi lent sjóinn, varla verður mikil útbreiðsla mengunar túlkuð með öðrum hætti.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

- 1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.01.2019

Halla Einarisdóttir
Halla Einarisdóttir

